

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gjöld
fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl., nr. 546/1993.

1. gr.

Við 10. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar er verða 2. og 3. málsgrein svohljóðandi Siglingamálastofnun ríkisins framkvæmir skoðun á fjarskiptabúnaði smábáta a.m.k. einu sinni á hverju almanaksári. Til smábáta teljast opnir vélbátar 6 metrar og lengri og fiskiskip með þílfari allt að 15 metrar að lengd, enda hafi þessi skip eingöngu VHF talstöðvar, en ekki millibylgju og/eða stuttbylgjustöðvar um borð og sigla á hafsvæði A1, sbr. 3. gr. rg. nr. 295/1994 um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa.

Gjöld fyrir skoðun skv. 2. mgr. hjá bátum með VHF rásir eingöngu skulu vera á ári kr. 2.000.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 28. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. desember 1994.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar,
sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra,
nr. 121/1990, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

19. tl. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Norðfjarðar, sem er Neskaupstaður. Hámarkstala er 7 vörubifreiðar.

2. gr.

23. tl. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Ekils, sem er Vestmannaeyjar. Hámarkstala er 8 vörubifreiðar.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. desember 1994.

Halldór Blöndal.

Helgi Jóhannesson.